Alþingi
Erindi nr. Þ 126/2296
komudagur 3.5.2001

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
*Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland*

Reykjavík, 3. maí 2001

Efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Faxnr.: 5630 430

Efni: <u>Fyrirspurn um kjörvaxtaflokka</u>

Vísað er í tölvuskeyti frá ritara nefndarinnar 27. apríl sl. .þar sem óskað er upplýsinga um yfirlit yfir kjörvaxtaflokka bankanna og hlutfallslega nýtingu þeirra sl. ár. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um hlutfall dráttarvaxta í vaxtatekjum sl. tvö ár.

Kjörvaxtaflokkar bankanna eru birtir opinberlega og má nálgast þá í einstökum útbúum eða á heimasíðum hvers banka. Almennt eru þeir reiknaðir út með álagi ofan á grunn-kjörvexti einstakra banka, eins og þeir eru birtir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Til skýringar er meðfylgjandi bréfi þessu vaxtatafla Búnaðarbanka Íslands sem sýnir skiptingu flokkanna. Eins og þar má sjá er um 10 flokka að ræða og er lægsti flokkurinn með 0,5% álagi og sá hæsti 5% álagi. Lægstu flokkarnir eru meira nýttir til útlána þar sem góðar tryggingar eru að baki, en því veigaminni sem tryggingar eru metnar því hærri flokki lendir lánið í. Kjörvaxtaflokkarnir eru byggðir upp með svipuðum hætti í hinum bönkunum, þó einhver munur sé á fjölda flokka og álagi hvers flokks.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hlutfallslega nýtingu einstakra flokka. Hins vegar kom í ljós við lauslega athugun í einum bankanna að notkun þeirra dreifist nokkuð jafnt, þannig að u.þ.b. helmingur lána er í lægri flokkunum og helmingur í þeim hærri. Þá eru ekki til staðar upplýsingar um hlutfall dráttarvaxta af vaxtatekjum, en í ljósi lágs hlutfalls vanskila sl. tvö ár má áætla að hlutfallið sé ekki hátt.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri

# BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS HF

## VAXTATAFLA

Gildir frá 01.05.2001

06/01

* Breytingar frá síðustu töflu

**INNLÁNSVEXTIR:**

| | | Ársávöxtun | |
|---|---|---|---|
| Tékkareikningar | 0,60% | | |
| Gullreikningar | 1,20% | | |
| Heimilislínureikningar | 5,70% | | |
| Sparisjóðsbækur | 1,20% | | |
| Gullbók | 6,70% | 6,70% | 1)2) |
| Metbók | 6,80% | 7,80% | 1)3) |
| Eignalífeyrisbók | 10,60% | | 4) |
| Kostabók - grunnþrep | 8,30% | 8,30-10,80% | 5) |
| 6 mán. þrep | 9,30% | | |
| 12 mán. þrep | 9,80% | | |
| 18 mán. þrep | 10,30% | | |
| 24 mán. þrep | 10,55% | | |
| 30 mán. þrep | 10,80% | | |
| Markaðsreikningur | | | 6) |
| 0.5 millj. | 10,32% | 10,32 - 11,07% | |
| 1,5 millj. | 10,57% | | |
| 3 millj. | 10,82% | | |
| 20 millj. | 11,07% | | |

Verðtryggðir reikningar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 6 mán. | 1,00% | | |
| Orlofsreikningar | 4,75% | | |
| Stjörnubók 12 | 3,55% | | |
| Stjörnubók 36 | 5,40% | | |
| Stjörnubók Æskulínu 36 mán. | 6,00% | | |
| Bústólpi 48 mán. | 6,00% | | |
| Lífeyrisbók | 6,35% | | 7) |
| Sérst.verðb. ef inn- og útb. innan mán. | 0,30% | 6 mán. | |

Gengisbundin innlán:

| | |
|---|---|
| SDR | 4,00% |
| EUR | 3,60% |

| Innlendir gjaldeyrisreikningar. | | Bundnir til þriggja mánaða | Bundnir til sex mánaða |
|---|---|---|---|
| USD | 2,50% | 3,50% | 3,75% |
| GBP | 3,40% | 4,40% | 4,65% |
| CAD | 2,70% | | |
| DKK | 3,25% | 4,25% | 4,50% |
| NOK | 5,45% | 6,45% | 6,70% |
| SEK | 2,00% | 3,00% | 3,25% |
| FIM | 2,65% | 3,65% | 3,90% |
| FRF | 2,65% | 3,65% | 3,90% |
| BEF | 2,65% | 3,65% | 3,90% |
| CHF | 1,20% | 2,20% | 2,45% |
| NLG | 2,65% | 3,65% | 3,90% |
| DEM | 2,65% | 3,65% | 3,90% |
| ITL | 2,65% | 3,65% | 3,90% |
| ATS | 2,65% | | |
| PTE | 2,65% | | |
| ESP | 2,65% | | |
| JPY | 0,05% | 0,10% | 0,15% |
| IEP | 2,65% | | |
| EUR | 2,65% | 3,65% | 3,90% |

**ÚTLÁNSVEXTIR:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Víxlar | | | kjörvxt. | 14,35% | |
| Álagsflokkar 2.fl. +1,00% | 3.fl. +2,00% | 4.fl. +3,00% | 5.fl. +4,00% | | |
| Viðskiptavíxlar | | | | 18,60% | 8) |
| Yfirdráttarlán fyrirtækja | | | | 19,90% | 8) |
| Yfirdráttarlán einstaklinga | | | | 20,40% | 9) |
| Yfirdráttarlán v/Sérkjara Heimilislínu | | | | 18,40% | |
| Yfirdráttarlán Heimilislínu | | | | 19,40% | |
| Útgjaldareikningur Heimilislínu | | | | 19,90% | |
| Reikningslán v/Sérkjara Heimilislínu | | | | 16,40% | 10) |
| Reikningslán v/Fasteignalífeyris | | | | 13,60% | 11) |
| Reikningslán námsmanna | | | | 13,60% | |
| VISA-skiptigreiðslur | | | | 21,00% | |
| Skuld á almennu Veltikorti | | | | 20,60% | |
| Skuld á Gull-Veltikorti | | | | 16,80% | |
| Skuld á Eðalkorti | | | | 17,80% | |

Húsnæðislán/Fjárfestingarlán (fastir vextir) ... 7,20%

Vextir húsnæðislána eru á bilinu 7,20%-8,70%

**Skuldabréf:** 12)13)

| | | |
|---|---|---|
| Óverðtryggð | kjörvxt. | 14,20% |
| Verðtryggð | kjörvxt. | 7,75% |

**Afurðalán:**

| | | |
|---|---|---|
| ISK | kjörvxt. | 14,25% |
| SDR | kjörvxt. | 5,10% |
| USD | kjörvxt. | 6,35% |
| GBP | kjörvxt. | 6,35% |
| DEM | kjörvxt. | 5,40% |
| JPY | kjörvxt. | 2,00% |
| DKK | kjörvxt. | 6,10% |
| FRF | kjörvxt. | 5,40% |
| EUR | kjörvxt. | 5,40% |

Álagsflokkar fyrir skuldabréf og afurðalán:

| 1.fl. | 2.fl. | 3.fl. | 4.fl. | 5.fl. |
|---|---|---|---|---|
| +0,50% | +0,75% | +1,00% | +1,50% | +2,00% |
| 6.fl. | 7 fl. | 8.fl. | 9.fl. | 10.fl. |
| +2,50% | +3,00% | +3,60% | +4,25% | +5,00% |

Flokkar

* Dráttarvextir samkv. ákv. SÍ ... 23,50%

Ávöxtunarkrafa vegna :

| | |
|---|---|
| óvtr. viðskiptaskuldabréfa v/Fold | 21,00% |
| vtr. viðskiptaskuldabréfa v/Fold | 12,70% |

1) Innstæða sem stendur óhreyfð á árinu fær 1,00% vaxtauppbót.
2) Leyfð er ein úttekt í mánuði án vaxtaleiðréttingar. Vaxtaleiðrétting er 0,10% af úttekt.
3) Vaxtaleiðrétting fellur niður hafi innstæða staðið óhreyfð í 3 mánuði. Vaxtaleiðrétting er 0,20% af úttekt.
4) Vegna Eignalífeyris. Leyfð er ein úttekt í mánuði án vaxtaleiðréttingar. Vaxtaleiðrétting er 0,5% af úttekt.
5) Innstæða ber vexti í samræmi við hve lengi hún hefur staðið inni. Innstæða er bundin í 6 mánuði en eftir það laus. Hægt er að "kaupa sig inn á" hærra þrep gegn lengri upphafsbindingu. Ef á þarf að halda er hægt að taka út bundna innstæðu gegn vaxtaleiðréttingu sem er 0,5%, 1,0%, 1,5%, 2,0% og 2,5% allt eftir því hvort um 6, 12, 18, 24 eða 30 mánaða upphafsbindingu er að ræða. Eftir umsaminn binditíma er innstæðan alltaf laus til útborgunar án vaxtaleiðréttingar.
6) Lágmarksinnstæða er 500 þús. Hvert innlegg er bundið í 10 daga. Innst. ber vexti í samræmi við upphæð innst. á hverjum tíma.
7) Fyrir viðbótariðgjaldsgr. vegna lífeyrissp., skv. reglugerð nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalda til lífeyrissp. og viðbótartr.vernd.
8) sem verða til í viðskiptum aðila utan bankans og hann kaupir af framseljendum.
9) Viðskiptagjald skuldfært mánaðarlega fyrirfram af heimild: 6,00%
10) Fyrir aðila Sérkjara Heimilislínu. Leggja þarf inn tryggingarbréf(allsherjarveð) og undirrita eiginvíxil við stofnun reikningslánsins.
11) Reikningslán v/Fasteignalífeyris. Millifært er reglulega, skv. samningi, inn á Gullreikning lántakanda.
12) Álagsflokkar eru þeir sömu fyrir öll skuldabréfalán, óvtr. og vtr. og afurðalán, gengisbundin og í ISK.
13) Viðskiptaskuldabréf óverðtryggð skv. 10 flokki og verðtryggð skv. 9 flokki.